

**202. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,
mánudaginn 21. nóvember 2016.**

Fundarmenn:

Stjórnarmenn: Unnar Jónsson formaður, Snorri Finnlaugsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir og Silja Dögg Baldursdóttir (varamaður)

Starfsmenn: Baldvin Valdemarsson, Sigmundur Einar Ófeigsson og Elva Gunnlaugsdóttir (ritaði fundargerð)

1. Undirritun fundargerðar

Fundargerð síðasta fundar undirrituð

2. Rekstur AFE

Samkvæmt áætlunum ársins 2016 mun reksturinn verða 6,6 m í mínus vegna launa- og kostnaðarliða hækkana. Launahlutfallið hefur hækkað mikið í rekstrinum enda mikið misgengi milli launavísitölu og neysluvísitölu. Framlög til AFE reiknast miðað við neysluvísitölu.

Framkvæmdastjóri lagði fram bráðabirgða rekstaráætlun vegna 2017, með óbreytri innkomu verður tap á rekstrinum uppá 8,1 m. Þá er búið að taka tillit til tekjuskerðingar vegna breyttra samninga milli AFE og Eyþings.

3. Breytingar á samþykktum

Starfsfólk lagði fram tillögur að breytingum á samþykktum AFE.

Tillögurnar fengu góða umræðu. Fundarmenn voru beðnir að koma með breytingatillögur er þeir hefðu skoðað samþykktirnar betur og verða þær lagðar fram á aðalfundi AFE í vor.

4. Haustfundur AFE.

Haustfundur AFE verður haldinn á morgun 22. nóvember, lokaður fundur þar sem sveitarfélögin skipa fulltrúa til fundarsetur. Umræður verða um innri málefni félagsins.

5. Orkuflutningsmál

Fimm fundir hafa verið haldnir á rúmu ári með Landsneti og sveitarfélögunum. Stjórn AFE verður boðuð á næsta fund með Landsneti.

6. Dysnes

Stefnt á að halda stjórnarfund í Dysnes þróunarfélaginu upp úr áramótum.

7. Áfangaskýrsla AFE Hlíðarfjall.

Fundur var haldinn með Eiríki bæjarstjóra Akureyrar. Kallað hefur verið eftir gögnum t.d. lista yfir tæki og eignir í Hlíðarfjalli. Starfsfólk heldur áfram með málið. Tenging komin á við erlenda ráðgjafa og stefnt að fundum með þeim. (skype)

8. Íslenski Heilbrigðisklasinn:

Áður hefur verið fjallað um ÍH í stjórn, niðurstaðan er að AFE mun ekki kaupa klasann.

9. Samkipti við Eyþing

Samskipti við Eyþing tók nýja stefnu í síðustu viku þegar AFE var tilkynnt að Eyþing myndi ekki semja við AFE um úrvinnslu umsókna í uppbyggingarsjóði.

Þetta harmar stjórn og bókar eftirfarandi:

Stjórn AFE harmar þau vinnubrögð sem voru viðhöfð og skort á samráði varðandi samstarf AFE og Eyþings um umsýslu Uppbyggingarsjóðs. Stjórnin óskar eftir betri vinnubrögðum í framtíðini bæði að hálfu stjórnar og starfsmanna Eyþings.

10. Önnur mál

Hækkun á framlögum, veður til umræðu á haustfundinum á morgun.

Fundi slitið kl. 18.05

Næsti fundur verður 16. desember.

Munir Jónsson
Þórunn Sif Hæðadóttir
Árnundur W. L.
Snorri Þinnarsson
Silja Dögg Baldursdóttir